

FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

Samantekt



FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

Samantekt

• ÞANKABANKI UM FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

Í janúar 2006 setti Norræna tengslanetið um nám fullorðinna á laggirnar þankabanka með það að markmiði að leggja grundvöll að umræðum sem fara fram á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um færni til framtíðar frá sjónarhorni símenntunar.

Við í þankabankanum erum fulltrúar frá Norðurlöndunum öllum, einstaklingar með ólíkan bakgrunn og reynslu: Harry Bjerkgeng (NO) Arne Carlsen (DK) Ingegerd Green (SE) Leena Jokinen (FI) og Kristín Ástgeirsdóttir (IS). Fulltrúi NVL var Sigrún Kr. Magnúsdóttir (IS).

Við vinnuna höfum við fjallað um nokkrar gagnrýnar spurningar: Hvernig munu atvinnulíf og samfélög á Norðurlöndunum verða í framtíðinni? Hvaða færni verða fullorðnir einstaklingar að þróa með sér til þess að geta verið virkir? Í hvernig kerfum og skipulagi er hægt að þróa þessa færni. Hvernig getur norræn menning lagt grundvöll að árangursríkri stefnu?

Til þess að geta fært rök fyrir svörunum við þessum spurningum höfum við lesið skýrslur, greiningar og bækur og fjallað um þær. Við höfum hist níu sinnum á fundum og þá höfum við boðið til okkar stjórnmalamönnum og fulltrúum atvinnulífsins og fræðsluaðila til þess að heyra hvað þeir hafa til málanna að leggja um stöðuna í dag og framtíðina.

• FRAMTÍÐARMYNDIR

Á grundvelli strauma og stefna sem við teljum að muni hafa áhrif á næstu fimm til tíu árum höfum við dregið upp röð framtíðarmynda. Ekki ber að líta á þær hverja fyrir sig heldur skapa þær, í einni heild, framtíðarmynd sem við lögðum til grundvallar vinnu okkar.

Þrátt fyrir að við lifum í sífellt hnattvæddari heimi þá verða forsendur fyrir alþjóðlegum vexti til á staðbundnum svæðum. Næsta umhverfi okkar mun einkennast í auknum mæli af fjölbreytileika, sem líka verður að vera til staðar á öllum sviðum samfélagsins. Svæðin verða að takast á við að tryggja aðlögun, ryðja úr vegi félagslegum hindrunum og auka umburðarlyndi fyrir því sem er öðruvísi. Hæfni einstaklinganna til þess að tileinka sér hið framandi er í hæsta máta tengd þekkingu og færni.

Til þess að sporna við neikvæðum alþjóðlegum loftslagsbreytingum verðum við að þróa tækni við orkuöflun sem byggir á endurnýtanlegum orkulindum og breyta lífsstíl okkar í átt að minni neyslu á orku.

Til þess að halda samkeppnisforskoti Norðurlandanna í upplýsingatæknisamfélaginu verðum við að vera frumleg og þróa nýja þekkingu og tækni. Í framtíðinni verður æ brýnna fyrir alla, að tileinka sér nýjungar í upplýsingatækni. Grunnmenntun mun heldur ekki verða næg, því kröfur um stöðuga þróun á færni munu aðeins aukast.

Á Norðurlöndunum öllum brennur á okkur spurningin um hvernig við eigum að bregðast við og viðhalda velferðinni á sama tíma og hlutfall eldri borgara af íbúunum eykst stöðugt. Á vinnu- markaði verður á einn eða annan hátt að bæta upp fyrir þennan hóp sem á næstu árum mun stöðugt vaxa. Óháð hvaða aðferðum við komum til með að beita mun það hafa áhrif á atvinnulífið.

Engin viðbúnaður er heldur við því að yfirfæra þekkingu sem fullorðið starfsfólk býr yfir til þess yngra. Yfirgrípsmeira kerfi fræðslu á vinnustað gæti auðveldað eldri og yngri að skiptast á færni svo uppsöfnuð reynsla fari ekki forgörðum. Verði unnt að halda fullorðnum á vinnumarkaði fram yfir eftirlaunaaldur vinnst einnig aðgengi að vinnuafli.

Á síðustu áratugum hefur borðið æ meir á áherslum á einstaklinginn og þarfir hans. Við verðum að aðlaga skipulagið að einstaklingum svo hægt sé að nýta krafta þeirra og hlúa að framkvæmda-semi þeirra og frumkvæði. Þörfin fyrir samstarf mun þó ekki minnka, en leiðirnar við það munu breytast.

Þau svæði sem örva og hvetja til frumkvöðlastarfsemi munu ná forskoti í samkeppninni. Kennsla í frumkvöðlafræði, sem í dag felst einkum í að stofna og reka fyrirtæki, verður í auknum mæli að beinast að því að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Til þess að örva nýsköpunarafl einstaklinga og sköpunargleði verðum við að þróa verk- og listgreinar á öllum sviðum menntunar og einkum í fullorðinsfræðslunni.

• STEFNT Á FÆRNI

Í færnisamfélaginu verður ekki nóg að „búa yfir þekkingu“ á einhverju heldur verður maður að „hafa færni til að framkvæma“ til að ná árangri. Persónuleg færni og afl til að framkvæma á virðisaukandi hátt gerir einstaklinginn eftirsóttan á vinnumarkaði. Það krefst bæði þess viðhorfs að stöðug sí-menntun sé nauðsynleg og þeirra skilyrða sem gera manni kleift að afla sér hennar.

Á Norðurlöndunum erum við sammála um að við eigum ekki að keppa um lág laun heldur um þekkingu og færni og enn fremur erum við á einu máli um að stefnuna í atvinnu- og menntamálum verði að móta á þann hátt að hún styðji við slíka þróun. Þörf er fyrir bæði rannsóknir og menntun og innsýn í að færni er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að umbreyta þekkingu í árangur sem eykur velferð.

Brýnt er að öðlast betri skilning á færnihugtakinu og fá nánari innsýn í hverju mismunurinn á því að þróa færni og að auka þekkingu felst. Þankabankinn hefur stuðst við skilgreiningu á færni sem hljóðar upp á að færni sé geta og vilji til þess að leysa af hendi verkefni með því að notfæra sér þekkingu og hæfni. Sé slíkur skilningur lagður til grundvallar færnihugtakinu verður færniþróun að fara fram á mörgum sviðum og fela í sér getu, vilja, þekkingu og hæfni.

Fram til þessa hefur formleg menntun fullorðinna verið á þann veg að auka og örva þekkingarþróun frekar en færniþróun. Á meðan færnihugtakinu er bæði lýst og það skilgreint ónákvæmlega, verður erfitt að ræða um hvaða færni þörf er á að þróa og hvernig á að fara að því. Þess vegna verður að gangast fyrir því að dýpka innsýn í og koma orðum að sameiginlegri hugmyndafræði um færni.

Þegar færnihugtakið hefur verið skilgreint greinilega og hugmyndafræði um það hefur þróast, verður hægt að lýsa mismunandi sviðum færni sem hafa sérstaklega mikil áhrif á þróunina í fram-tíðinni. Sameiginleg skilgreining á færni og vel afmörkuð færnisvið munu einfalda þróun á kerfi fyrir mat og viðurkenningu á raunfærni sem er nauðsynleg forsenda þess að hægt verði að byggja upp stöðuga þróun færni.

Fyrirtæki geta ekki einungis treyst á að þeim berist nauðsynleg færni með ungu og nýmenntuðu fólki. Það hefur í för með sér að gera verður áætlun um færniþróun þeirra starfsmanna sem þegar vinna hjá fyrirtækinu og þannig auðnist að samþætta færni allra á árangursríkan hátt. Þá er ekki síður brýnt að greina á milli fræðslu sem leiðir til meiri þekkingar og þeirrar sem leiðir til aukinnar færni.

Bæði fyrirtæki og einstaklingar verja tíma og fjármunum til þess að þróa færni. Þess vegna er afar brýnt að útkoman verði eins og ætlast var til. Til þess að svo megi verða þurfa bæði atvinnulífið og fræðsluaðilar að bæta skilning sinn á mismunandi víddum færni og hvaða aðferðir duga best til að ná þeim árangri sem stefnt er að. Til að ná því takmarki verður víðtækt samstarf á milli vinnu-

staða, fræðsluaðila og stjórnvalda að koma til. Takist að efla enn, sterka norræna hefð fyrir samstarfi atvinnulífs og samfélags þá höfum við náð forskoti á Evrópu sem og aðra heimshluta.

• FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

Til þess að greina færnisvið framtíðarinnar skipulagði þankabankinn ráðstefnu á Selfossi í ágúst 2006 með rúmlega 50 þátttakendum sem boðin hafði verið þátttaka, frá öllum sviðum samfélagsins. Auk niðurstaðnanna á ráðstefnunni hefur þankabankinn, í starfi sínu við mótun hugmynda um hvernig skapa megi ramma um lýsingu á færni til framtíðar, tekið tillit til vinnu ESB við lykilfærni og OECD við yfirfærni (metacompetances).

Hægt er að fullyrða að vinnan bæði innan ESB og OECD er í grófum dráttum í samræmi við niðurstöður ráðstefnunnar á Selfossi. Mikil áhersla er lögð á að geta notfært sér færni til að lesa, skrifa og reikna í samskiptum. Á hæfileikann til þess að eiga samskipti við og umgangast fólk í sundurleitum hópum og að geta notfært sér aðgengileg tól eins og upplýsingatækni og annað. Enn fremur að það er þörf fyrir að vera frumlegur, skapandi og framkvæmdasamur.

Viðbætur þankabankans við það sem aðrir hafa þegar lagt til málanna um færni til framtíðar er að benda á nauðsyn þess að stöðugt verði gripið til námsferla sem leiða til aukins persónulegs þroska einstaklingsins. Stöðugur persónulegur þroski, þar sem sjónum er einkum beint að sjálfsþekkingu og sjálfstrausti er grundvöllur þess að hægt sé að þróa með sér aðra færni á árangursríkan hátt.

Með hliðsjón af því að sjónir beinast sífellt nær einstaklingnum og persónulegum þroska einstaklingsins sem grunn að annarri færniþróun hefur þankabankinn orðið sammála um að greina færni í þrjá aðal þætti:

Starfsfærni sem tekur yfir færni sem er nauðsynleg til þess að geta leyst verkefni á vinnustað þannig að af verði virðisauki með tilliti til þeirrar vinnu sem leyst er af hendi.

Félagsleg færni felur í sér hæfileika til þess að umgangast og eiga samskipti við fólk á mismunandi hátt, t.d. í gegn um töluð orð, listsköpun, snertingu, stærðfræði og tæknileg áhöld.

Persónuleg færni er grundvöllurinn fyrir félagslegu færni og kjarninn í persónulegri færni er sjálfsþekking.

Tilgangurinn með því að flokka færnisviðin er að það auðveldar að greina að og flokka mismunandi tegundir færni og þar með verður auðveldara að skilja hvernig færni á sviðunum þremur eru grundvöllur fyrir og byggja hvert á öðru.

Með þekkingu á færni, hvernig færni verður til og hvaða færnisvið eru nauðsynleg til þess að leggja grundvöll að bjartari framtíð verður auðveldara að móta gott skipulag fullorðinsfræðslu.

• SKIPULAG FULLORÐINSFRÆÐSLU Í FRAMTÍÐINNI

Til þess að hægt verði að leggja grunn að skipulagi fullorðinsfræðslu sem styður og örvar fræðslu fullorðinna og sem byggir á þeim þörfum og tækifærum sem þankabankinn hefur sett fram er afar brýnt að ræða um þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á lögum, fjármögnun, kennslufræði, aðferðafræði, kerfi við mat og staðfestingu á raunfærni, dreifingakerfi og fræðsluvið og síðast en ekki síst hvernig ábyrgðin skiptist á milli einstaklinganna sjálfra og annarra aðila

Lagasetningin verður að ganga út frá því að í framtíðinni verði formlegt kerfi fyrir fullorðinsfræðslu sem býður upp á færniþróun fyrir alla fullorðna, óháð fyrri menntun og því hvort einstaklingurinn er í vinnu eða ekki. Til þess að styrkja samkeppnisstöðu Norðurlandanna er

mikilvægt að sameinast um að móta pólitíska stefnu og leggja grunn að lagaramma um skipulag fullorðins-fræðslunnar.

Við fjármögnun verður að finna endurnýjaðar leiðir í takti við að þörfin á færniþróun eykst hjá stöðugt stærri hópi fullorðinna. Það er eðlilegt að kostnaðurinn skiptist á mismunandi hátt á milli einstaklinga, vinnustaða og opinberra aðila vegna þess að allir hafa mikinn áhuga á að færniþróunin eigi sér stað og árangurinn verði sem skyldi. Enn fremur verður að leggja grunn að góðu kerfi um skiptingu kostnaðarins en þá skiptir öllu að litið verði á kostnaðinn sem fjárfestingu sem skilar hagnaði til framtíðar. Hugsast getur að skattaívilnanir fyrir endur- og símenntun virki sem hvatning.

Mikið af þeirri fullorðinsfræðslu sem í boði er í dag er uppbót á ófullkominni grunnmenntun á framhaldsskólastiginu. Leið til þess að losa um fjármagn til þess að byggja upp fullorðinsfræðslu sem mætir þörfum langtum fleiri fullorðinna við að auka við eða endurnýja færni sína er að skipuleggja framhaldsskólann á þann hátt að færri unglingar heltist úr skólanum með ófullnægjandi þekkingu og færni.

Kennslufræðin og aðferðirnar í fullorðinsfræðslu framtíðarinnar verða að mæta þörfum einstaklinganna á því stigi sem þeir eru og taka tillit til óformlega og formlausa námsins sem þeir hafa lagt stund á í lífi sínu utan hins formlega skólakerfis. Þá er mikilvægt að kennarinn verði ráðgjafi, leiðbeinandi sem styður einstaklinginn til þess að axla ábyrgðina á því að skipuleggja og leggja stund á stöðuga færniþróun.

Til þess að afla þekkingar um nýjar kennsluáðferðir sem gefur gaum að óformlegu og formlausu námi fullorðinna þarf að efla sérhæfðar rannsóknir á fullorðinsfræðslu. Þegar ný þekking liggur fyrir verður ábyrgðin hjá þeim sem annast menntun og símenntun kennara á að yfirfæra niðurstöður rannsókna yfir í kennsluna.

Kerfi til þess að meta og staðfesta raunfærni sem byggir á stöðugri endurskoðun og uppfærslu á færni einstaklinganna verður að móta og taka í notkun og áhrifamáttur þess verður að vera nægilega mikill til þess að það virki á öllum sviðum atvinnulífs og samfélagsins. Með því að Norðurlöndin þrói slíkt kerfi í sameiningu myndi það efla samkeppnishæfni okkar meðal annars með því að auðvelda hreyfanleika vinnuafsisins þvert á atvinnugreinar og lönd.

Fullorðinsfræðslukerfið mun þurfa að glíma við auknar kröfur um einstaklingsbundið nám bæði hvað varðar innihald og **dreifingaraðferðir**. Í samræmi við þau tækifæri sem upplýsingatæknin býður upp á verður fullorðinsfræðslukerfið að þróa sveigjanlegt skipulag sem rúmar bæði nám sem er einstaklingsmiðað og aðlagð að eftirspurn. Takist fullorðinsfræðslunni að samþætta óformlegt og formlaust nám við skipulagið eykst þörfin fyrir algerlega **ný svið náms**. Nám framtíðarinnar mun ekki einungis fara fram innan hefðbundins skólakerfis. Koma verður á þverfaglegum vettvangi færniþróunar sem þjónar mismunandi hagsmunum og aðilum.

Ábyrgðin er mikilvægur þáttur í virku menntakerfi. Einstaklingarnir bera sjálfir ábyrgð á því að þróa og endurmeta færni sína, vinnustaðir og opinbert skipulag verður að skapa kringumstæður sem veita einstaklingunum tækifæri á að axla ábyrgðina og framkvæma samkvæmt henni.

• NORÐURLÖNDIN Í BRODDI FYLKINGAR

Rannsóknir og mælingar hafa margstaðfest að um leið og norræna módelið tryggir félagslega velferð er framleiðni og samkeppnishæfni Norðurlandanna svo mikil að talið er til fyrirmyndar öðrum. Styrkur Norðurlandanna byggir á sameiginlegum menningarlegum gildum. Mikilvæg forsenda fyrir því að við höldum áfram að deila menningarlegum gildum og að þau eflist er að okkur takist að þroska tilfinningu fyrir norrænni sjálfsmynd.

Eftir því sem alþjóðavæðingin eykst verður stöðugt erfiðara fyrir einstaklingana að samsama sig einni sjálfsmynd. Maður getur verið sænskur, af innflytjendaættum samtímis og maður er íbúi í Evrópu og Norðurlandabúi.

• 19 SKILABOÐ

Samræður um færni til framtíðar og hvernig hún verður þróuð hljóta að vera látlausar samræður. Í takti við þróun umhverfisins koma í ljós þarfir fyrir nýja færni. Sem niðurlag í skýrslu okkar viljum við koma á framfæri nitján skilaboðum sem geta örvað til áframhaldandi umræðna í þeim hópum sem lesendur eru huti af.

1. Skipulag formlegs og óformlegs náms fullorðinna verður að grundvallast á stöðugri greiningu á umhverfinu svo færnisvið framtíðarinnar taki sífelldum breytingum í samhengi við þær áskoranir og tækifæri sem blasa við bæði heima við sem og í alþjóðlegu samhengi.
2. Við verðum að gera ráð fyrir áhrifum alþjóðavæðingarinnar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi í öllum námsáætlunum.
3. Misræmi er á milli þekkingaröflunar og færniþróunar í núverandi menntakerfum. Til þess að halda samkeppnisforskoti okkar verðum við skerpa einbeitingu okkar við að þróa færni án þess að missa sjónar á stöðugri þekkingaröflun.
4. Til þess að unnt verði að skipuleggja nám sem virkilega veitir tækifæri til færniþróunar á mismunandi sviðum verðum við að bæta skilning okkar á öllum víddum færnihugtaksins. Geta, vilji, þekking og færni, eru þróuð með mismunandi aðferðum og við mismunandi kringumstæður.
5. Færnihugtakið er túlkað og því er lýst á afar ólíkan hátt. Ef við viljum öðlast skilning á hvernig best er að þróa færni, meta hana og staðfesta verðum við að koma okkur saman um notkun hugtaka, sameiginlega hugmyndafræði.
6. Fullorðinsfræðslan verður á kerfisbundin hátt að skapa einstaklingunum skilyrði til þess að auka á sjálfsþekkingu sína og styrkja sjálfsmyndina vegna þess að það er grundvöllurinn að árangursríkri færniþróun á öðrum sviðum.
7. Það er hægt að færa færni til framtíðar inn í kerfi með þremur aðalflokkum sem á mismunandi hátt byggja hver á öðrum: persónuleg færni, félagsleg færni og starfsfærni.
8. Að eiga samskipti við aðra með aðstoð mismunandi tækni og umgangast fjölbreytilega hópa, vera sjálfstæður, frumlegur og framkvæmdasamur eru afgerandi færniþættir við þróun samkeppnishæfni atvinnulífs í framtíðinni. Þessir færniþættir eru hornsteinar nýsköpunar og frumkvöðla.
9. Formlega fullorðinsfræðslukerfið verður að endurskipuleggja á þann veg að það mæti þörfum allra fullorðinna fyrir færniþróun, óháð fyrri menntun og því hvort einstaklingurinn er í starfi eða atvinnulaus.

10. Til þess að sjónarhorn símenntunar verði greinilegt í fullorðinsfræðslunni er nauðsynlegt að bæta heildarsýn yfir hvar og hvernig fullorðnir þróa færni sína á mismunandi sviðum. Formlega fullorðinsfræðslukerfið verður að endurskipuleggja á þann hátt að hægt verði að gefa óformlegu og formlausu námi vægi.
11. Ein leið til þess að þróa heildarskipulag er að pólitísk stefna og lagarammar sem stýra fullorðinsfræðslukerfinu taki mið af því að draga úr skiptingu á milli mismunandi ábyrgðasviða (grunnmenntun, starfsmenntun, endurmenntun, mat og staðfesting á raunfærni o.s.frv.) og verði þess í stað safnað undir einn hatt í einni stofnun.
12. Upplýsinga- og samskiptatækni býður upp á sérsniðnar, einstaklingsmiðaðar lausnir við nám, bæði hvað varðar innihald og dreifingu. Í samræmi við tækifæri sem tæknin býður verður fullorðinsfræðslukerfið að þróa sveigjanlegt skipulag byggt á þörfum einstaklinga og eftirspurn.
13. Nám framtíðarinnar mun ekki eingöngu fara fram innan hefðbundins skólakerfis. Koma verður á nýjum sviðum náms og vettvangi færniþróunar í samstarfi ólíkra hagsmuna- og framkvæmdaaðila.
14. Mismunandi leiðir við ráðgjöf og færniþjálfun verða áberandi hlutverk í því að veita einstaklingunum færi á að axla persónulega ábyrgð á að skipuleggja og þróa stöðugt færni sína.
15. Nýjar leiðir til fjármögnunar verða að koma til, þar sem einstaklingar, vinnustaðir og hið opinbera deila ábyrgð á mismunandi hátt á því að standa fyrir kostnaði við vaxandi þarfir fullorðinsfræðslunnar. Líta verður á kostnaðinn sem fjárfestingu sem skila muni hagnaði.
16. Takist framhaldsskólanum að fækka þeim einstaklingum sem falla frá námi og þurfa síðar á lífsleiðinni á fullorðinsfræðslu að halda til þess að bæta upp fyrir ófullkomna grunnmenntun þá myndi losna um fjármagn sem hægt væri að nýta til þess að bæta fullorðinsfræðsluna.
17. Það er þörf fyrir frekari rannsóknir sem leiða til þekkingar á nýrri kennslufræði og nýjum aðferðum við skipulagningu náms fyrir fullorðna sem taka mið af óformlegu og formlausu námi fullorðinna. Þá verður að yfirfæra þá þekkingu sem þegar er til á áhrifaríkari hátt en hefur til þessa verið gert
18. Þróa verður kerfi til þess að meta og staðfesta raunfærni og taka það í notkun. Til þess að styrkja stöðu Norðurlandanna í alþjóðlegri samkeppni ætti að þróa þau sameiginlega og í samræmi við þau kerfi sem þróuð hafa verið í Evrópu
19. Nú er komið að því að setja fram sýn sem allir íbúar á Norðurlöndunum geta samsamað sig til þess að halda við sterkum menningarlegum gildum og renna styrkari stöðum undir stöðu okkar í dag.

**Öll skýrslan Færni til framtíðar er aðgengileg
á rafrænu formi á www.nordvux.net**

